

Ragnhild Bieltvedt Skeie¹, Jón Egill Kristjánsson¹ og Haraldur Ólafsson²

1) Háskólanum í Osló

2) Háskóla Íslands, Veðurstofu Íslands og Reiknistofu í veðurfræði

Áhrifaþættir lægðar sem olli aftakaúrkomu í Noregi

Aftakaúrkoma varð í Mið-Noregi um miðvik ágúst 2003. Lægðin sem olli veðrinu er reiknuð og samanburðartilraunir framkvæmdar. Helstu niðurstöður eru að losun dulvarma er lykilatriði í þróun lægðarinnar. Þá virðist sjávarhiti ekki skipta miklu máli, en athygli hafði vakið að þessi mikli úrkomuatburður átti sér stað þegar sjávarhiti var óvenju hár. Sé reiknað án landslags kemur í ljós að fjöll Noregs og Svíðþjóðar móta lægðina á þann veg að norðanáttin á eftir henni er vægari ef fjöllin eru ekki til staðar. Hin hvassa norðlæga átt stuðlaði að mikilli úrkomu.